



Í vinnslu

Jafnréttisáætlun Árskóla skólaárin 2024-2026

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynja nr. 150/2020, Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 2014-2018 og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Áætlunin nær til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og nemenda. Jafnréttisáætlun þessi er hluti af skólanámskrá Árskóla.

Inngangur

Jafnrétti felur í sér að öll sitji við sama borð óháð kynferði, kynþætti, trú, kynhneigð eða líkamlegri- eða andlegri fötlun. Allt skólastarf á að vera í anda jafnréttis. Jafnrétti á að vera samofið leik og starfi nemenda og starfsfólks skólans. Stefna Árskóla er að öll, nemendur og starfsfólk, njóti jafns réttar óháð kyni. Tækifæri eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni.

Í Jafnréttisáætlun skólans felst m.a. viðurkenning á því að gripið sé til sérstakra aðgerða til að jafna stöðu kynjanna. Jafnréttisáætluninni er ætlað að vera liður í innra mati skólans þar sem gæðamatskerfið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* er notað til að fylgjast með jafnri stöðu kynja, bæði meðal starfsfólks og nemenda.

Ábyrgð og umsjón jafnréttismála

Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun Árskóla. Með umsjón jafnréttismála í skólanum fer fagmennskuteymi skólans sem skipað er fulltrúum kennara á hverju stigi, deildarstjórum stiga og stoðþjónustu og aðstoðarskólastjóra. Fagmennskuteymið sér um endurskoðun og viðhald jafnréttisáætlunarinnar. Í framkvæmdaáætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun er viðhaldið, hver/hverjur bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær hver þáttur skal unninn.

Starfsfólk

Úr 5. og 6. gr. jafnréttislaga.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kvenna og karla innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kvenna og karla í stjórnunar- og

áhrifastöðum. Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu gæta að stöðu fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá á vinnumarkaði. Konum, körlum og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynamismunun.

- Gæta skal þess að starfsmenn hafi jafnan rétt til launaðra starfa innan Árskóla og fái jöfn laun fyrir sömu vinnu, óháð kyni.
- Gæta skal þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast í nefndum, ráðum og áhrifastöðum innan skólans.

Úr 12. gr. jafnréttisлага

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum, körlum og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, sbr. þó 2. mgr. 16. gr. Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

- Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar.
- Í auglýsingum skal þess gætt að hafa öll kyn í huga.

Úr 13. gr. jafnréttisлага

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólk kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, óháð kyni. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa atvinnulífs, þ.m.t. að starfsfólk sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna brýnna fjölskylduaðstæðna.

- Í Árskóla eiga starfsmenn kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu varðandi vinnutíma.
- Starfsmönnum verði gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið til að sinna fjölskylduábyrgð, svo sem umönnun barna og sjúkra fjölskyldumeðlima. Með þessu móti er starfsmönnum auðvelduð samræming á fjölskylduábyrgð og starfsskyldum.

Úr 14. gr. jafnréttisлага

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþróttar- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.

- Í Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar er skýr afstaða tekin gegn kynbundnu ofbeldi. Kynbundin og kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólum sveitarfélagsins. Í Árskóla er starfandi forvarnarteymi gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Teymið er skipað deildarstjóra unglingsastigs, deildarstjóra stoðþjónustu, náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingi, kennara með sérþekkingu á málefni, fulltrúa frá frístundasviði og fulltrúa frá fjölskyldusviði. Áhersla er lögð á að forvarnir verði sampættar allri kennslu og skólastarfi.

Nemendur

Úr 15. gr. jafnréttislaga

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.

- Gæta skal þess að allir nemendur hafi jafna möguleika til náms og þroska innan Árskóla. Gildir það jafnt um bóklegar sem verklegar greinar, auk félagslífs nemenda, svo sem árshátíðir, keppnisferðir og skólaferðalög.
- Nauðsynlegt er að vinna markvisst með jafnrétti í kennslustundum og skólastarfinu öllu.
- Gæta verður þess að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til framboðs í stjórnum nemendafélags Árskóla.

Úr 15. gr. jafnréttislaga

Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

- Mikilvægt er að námsefni standist jafnréttissjónarmið. Hafa þarf vinnu með námsefni og kennslugögn sem byggja á jafnréttishugmyndum að leiðarljósi.

Úr 15. gr. jafnréttislaga

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

- Mikilvægt er að kynna nemendum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- og karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem höfðar til áhuga hvers og eins.

Úr 14. gr. jafnréttislaga

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþróttá- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.

Í Árskóla er starfandi forvarnarteymi

- Allir nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og skulu jafnframt koma fram af virðingu við aðra. Áreitni er ekki liðin.

Samstarf heimilis og skóla

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forsjáraðila og gæta þess að útiloka ekki annað foreldrið/forsjáraðilann á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á báða foreldra/forsjáraðila sem jafngilda aðila í foreldrasamstarfinu.

Áætlun þessa skal taka til umræðu og endurskoðunar meðal starfsfólks á þriggja ára fresti, en aðgerðaáætlun er yfirfarin árlega með starfsfólk skólans.